

## Bæjarstjórnarfundur nr. 1235, þann 24. maí 2016

1509146 – Deilisk. Breiðarsvæði – Breiðargata 8, 8A og 8B

### Bókun

Við undirrituð fögnum þeim stórhuga framtíðaráformum HB Granda um framkvæmdir á hafnarsvæðinu á Akranesi, sem kynntar voru á fjölmennum íbúafundi í Tónbergi þann 28. maí 2015. Í dag 24. maí 2016 er verið að afgreiða í bæjarstjórn Akraness deiliskipulag sem snýr eingöngu að Breiðargötu 8, 8A og 8B.

Tillagan sem nú liggur fyrir snýr að stækkun fiskþurrkunarverksmiðju með tilheyrandi landfyllingu.

Málið hefur fengið mikla umræðu og fjöldi umsagna, með og á móti, fylgja skipulagstillögunni. Annars vegar hafa íbúar nálægt fyrirhugaðri verksmiðju skiljanlegar áhyggjur af óþægindum vegna lyktarmengunar, mögulegu fjárhagslegu tjóni vegna verðlækkunar á húseignum auk þess að hafa áhyggjur af umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Hins vegar eru skiljanlegir hagsmunir rekstraraðila sem vilja hafa fiskþurrkunina sem næst annarri fiskvinnslu á Neðri Skaga og við höfum fulla trú á vilja eigenda og stjórnenda HB Granda til að starfa í sátt og samlyndi við umhverfið.

Reynslan segir okkur, á sama hátt og allar skýrslur sem við höfum fengið í hendur, að framleiðsla sem þessi getur aldrei orðið án einherrar lyktarmengunar. Með nýju húsnæði fiskþurrkunarinnar mun útbreiðslusvæðið breytast og í versta falli færast nær miðbænum. Þá gæti nýr hópur húseigenda og fyrirtækja orðið fyrir óþægindum ef ekki næst að lágmarka lyktina frá þurrkuninni.

Það er sannfæring okkar að þrátt fyrir góðan vilja HB Granda og undirritaða yfirlýsingu forstjóra um að fyrirtækið muni láta af fiskþurrkun á þessu svæði, náist markmið um lágmarkun lyktar ekki, þá verði það ekki fljóttekin eða auðveld ákvörðun eftir hundruða milljóna króna fjárfestingu. Því væri starfsemi sem þessari betur borgið á stað þar sem um hana ríkti sátt.

Ingibjörg Pálmadóttir

Valdís Eyjólfsdóttir

Valgarður Lyngdal Jónsson

Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir